

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Vigfús Þórarinsson á að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda, Þorvaldar Bjarnarsonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

24/1897:

Hreppsnefnd Eyrarhrepps

gegn

verzlunarstjóra Jóni Laxdal f. hönd  
verzlunar Leonh. Tangs á Ísafirði.

D ó m u r:

Hinn 25. okt. 1895 lagði hreppsnefndin í Eyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu aukaútsvar á verzlun Leonhards Tangs á Ísafirði fyrir blautfisksverzlun, sem Leonhard Tang að hreppsnefndarinnar álitir rak í Eyrarhreppi fardagaárið 1895/96 og var upphæð útsvarsins 20 kr. Með því að forstjóri verzlunarinnar eigi greiddi útsvar þetta, heimtaði hreppsnefndin í Eyrarhreppi að sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu tæki gjaldið lögtaki, en með úrskurði fúgetans uppkveðnum 15. jan. 1897, var lögtaksbeiðni hreppsnefndarinnar hrundið og úrskurdaði fúgetinn, að lögtaksgjörð fyrir hinu umrædda gjaldi skyldi ekki fram fara. Þessum úrskurði hefur hreppsnefndin skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 26. maímán. f. á., og krafizt þess, að fúgetarjettarúrskurðurinn verði úr gildi felldur, að fúgetinn í Ísafjarðarsýslu verði skyldaður til þess að framkvæma hina umbednu lög-

taksgjörð, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað að skaðlausu. Hinn stefndi, verzlunarstjóri Jón Laxdal f. h. verzlunar Leonh. Tangs á Ísafirði, hefur af sinni hálfu krafizt þess, að úrskurður fógetarjettarins verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað eptir rjettarins mati.

Það er komið fram í málinu, að verzlun Leonhards Tangs á Ísafirði hefur í Eyrarhreppi, í Hnífsdal og í Arnardal, veitt móttöku blautfiski sem innleggi í verzlunina og hefur fiskurinn svo verið saltaður og ýmist verkaður þar og síðan fluttur til Ísafjarðar eða verið fluttur óverkaður til Ísafjarðar. Fyrir móttöku fiskjarins hafa umboðsmenn verzlunarinnar í Hnífsdal og Arnardal gefið þeim, sem afhentu fiskinn, viðurkenningu og hefur svo annaðtveggja verið, að þeir hafa fengið borgun fyrir fiskinn í peningum eða vörum á Ísafirði, eða að hann hefur þar verið ritaður inn í reikning eigendanna við verzlun hins stefnda. Verzlun hins stefnda á hús (pakkhús eða skúr, sem verjandi hefur kallað það) í Hnífsdal og Arnardal, og hefur verzlunin haft þar salt til að salta með þann fisk, er hún fjekk þar hjá viðskiptamönnum sínum og svo virðist fiskurinn stundum hafa verið geymdur þar í þessum húsum verzlunarinnar, þangað til hann var fluttur til Ísafjarðar. Það er eigi komið fram í málinu, að hinn stefndi hafi haft nokkrar aðrar útlendar vörur í húsum sínum í Eyrarhreppi en salt, og það er eigi sannað, að hann hafi selt nokkrum manni þar salt; virðist hann að eins hafa brúkað saltið til þess að salta

hinn innlagða fisk, sem hann fjekk þar. Hinn stefndi hefur eigi heldur haft neinn fastan verzlunarþjón í Eyrarhreppi, til þess að taka á móti fiskinum, en bændur þar hafa veitt fiskinum mótöku fyrir hans hönd.

Eins og þessum atvinnurekstri hjer er lýst, verður hann eigi kallaður arðsöm stofnun eða fyrirtæki í Eyrarhreppi, á þann hátt, að heimilt sje að leggja á hann aukaútsvar til hreppsins eftir lögum nr. 12, 9. ágústm. 1889, og verður því að fallast á hinn áfrýjaða fógetaúrskurð og staðfesta hann. Eftir þessum úrslitum málsins verður stefnandinn að greiða hinum stefnda hæfilegan málskostnað, og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetajettarúrskurður skal vera óraskaður. Afrýjandi, hreppsnefnd Eyrarhrepps, greiði stefnda, verzlunarstjóra Jóni Laxdal fyrir hönd verzlunar Leonhards Tangs á Ísafirði 25 krónur í málskostnað, og skal greiða málskostnadinu, áður liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. marzmánaðar.

Nr. 1/1898:

Hið opinbera  
gegn  
Einari Jónssyni.

D ó m u r:

Í máli þessu, sem hefur verið rekið og dæmt